

Línuhönnun hf.
Hafsteinn Helgasson
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík

2001090016
0000; 9310

Reykjavík, 5. október 2001
/--

Efni: Dælu- og hreinsistöð við svínabúið Brautarholti, Kjalarnesi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Línuhönnunar dags. 5. september 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um fyrirhugaða dælu- og hreinsistöð samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjavíkurborgar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og Þjóðminjasafns Íslands.

Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg með bréfi dags. 25. september, Hafrannsóknarstofnun með tölvupósti dags. 3. október 2001, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 19. september 2001, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 19. september 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 25. september 2001 og Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 26. september 2001.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 27. september 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Svínabúið Brautarholti er að vinna að framtíðarlausnum á meðhöndlun, geymslu og förgun þeirrar svínamykju sem fellur til hjá búinu. Fyrirhugað er að koma upp búnaði sem aðskilur þurrefnishlutann frá blauthluta mykjunnar og dæla síðan blauthlutanum til sjávar. Búnaðurinn verður staðsettur við svínahúsin en frá þeim verður lögð 1200 m löng lögn út á Músarnes og þaðan 180 m út til sjávar. Sjávarlögnin verður fest við klöpp á sjávarbotni og opnast endi hennar á um 10 m dýpi. Áformað er að þurrhlutinn verði nýttur til jarðræktar eða landgræðslu.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að tilgangurinn sé fyrst og fremst sá að uppfylla ákvæði í nýlegu starfsleyfi, en í því sé takmarkað svigrúm til að dreifa mykju á tún vegna lyktarmengunar. Í starfsleyfinu séu ákvæði þess efnis að reisa skuli mykjutank sem geti rúmað mykju sem falli til á 6 mánuðum, þ.e. yfir vetrarmánuðina þegar óheimilt sé að dreifa á tún. Með þeim búnaði sem fyrirhugað sé að koma upp þurfi ekki að reisa umræddan mykjutank.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að loftmengun sé sá þáttur í rekstri svínabúa sem valdi hvað mestum óþægindum fyrir þá sem næst búa. Að loknum framkvæmdum megi búast við lykt frá hreinsi- og dælustöðinni. Lykt frá geymslu fyrir þurrmykju verður ekki útilokuð þó slíkt sé í mjög litlum mæli og mun minni en af núverandi mykjugeymslu og dælustöð. Mestu muni þó muna um, að með þessu fyrirkomulagi verður verulega dregið úr eða jafnvel hætt hefðbundinni dreifingu gamallar blautmykju. Það sé því ljóst að verulega muni draga úr lyktarmengun frá starfsemi í heild.

Jafnframt kemur fram að áhrifa mengunar í sjónum muni gæta innan og utan þynningarsvæðis, vegna þess að í viðtakann verði veitt afrennsli sem innihaldi lífræn efni. Viðtakinn hafi verið skilgreindur sem síður viðkvæmur. Staðsetning útrásarenda eigi að tryggja mjög góða dreifingu og eyðingu mengunar í sjó.

Fram kemur að fyrirhugað sé að fylgjast með áhrifum í kjölfar framkvæmdanna. Þegar hafi verið komið fyrir kræklingabúrum til að meta stöðuna áður en framkvæmdir hefjist, en fyrirhugað sé að endurtaka þær athuganir þegar kerfið verði komið í rekstur. Þannig sé fyrirhugað að fylgjast með efnamengun af völdum losunarinnar, s.s. magni kopars og sínks ásamt fjölda örvera.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila segir að mæld hafi verið næringarefni í mykju frá svínabúinu Brautarholti. Niðurstöður þeirra séu að mykjan innihaldi 1,7 kg af köfnunarefni (N) í hverju tonni af mykju, um 1,4 kg fosfór (P) í tonni og 2 kg af kalíum (K) í tonni. En samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda hreinsibúnaðarins megi búast við að hann geti náð 39% af köfnunarefni (N), 44% af fosfór (P) og 37% af kalíum (K) úr mykjunni. Að lokinni hreinsun sé áætlað að losun í sjó með blauthluta samsvari 2918 persónueiningum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Hafrannsóknarstofnunin telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum, en Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Reykjavíkurborg og Þjóðminjasafn Íslands taka ekki beina afstöðu til matsskyldunnar.

Sjávarmengun

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunarinnar kemur fram að vegna umfangs framkvæmdarinnar og með tilliti til úrgangsmýndunar, mengunar og út frá álagspoli náttúrunnar með tilliti til strandsvæða, telji stofnunin rétt að umrædd framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum.

Jafnframt sé það mat stofnunarinnar að þær athuganir sem þegar hafi verið gerðar og upplýsingar sem hafi komið fram um viðkomandi framkvæmd séu nægjanlegar fyrir matið að því er varði áhrif á lífríki sjávar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og samhljóða umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram að svínamykja innihaldi mikið af köfnunarefni og fosfór, en ofgnótt næringarefna geti valdið óæskilegum áhrifum á lífríkið. Að auki finnist í mykjunni þungmálmur s.s. kopar, nikkell og kadmíum sem geti haft eitúrahrif á lífverur. Þess utan innihaldi mykjan mikið magn gerla sem mögulega geti valdið gerlamengun við ströndina. Á móti komi að fyrirhugað sé að fylgjast náið með áhrifum losunarinnar á umhverfið og verði skilyrði í starfsleyfi þar að lútandi. Gert sé ráð fyrir þeim möguleika að bæta við hreinsiprepi ef óæskileg áhrif losunar komi í ljós. Heilbrigðiseftirlitið telur að framkvæmdin muni mögulega draga úr umhverfisáhrifum svínabúsins í heild sinni en mikil lyktarmengun fylgi geymslu og dreifingu svínamykjunar á land. Dreifingu fylgi einnig hætta á mengun jarðvegs, grunnvatns og ofanvatns. Rannsókn Heilbrigðiseftirlitsins á jarðvegssýnum frá túnnum búsins bendi til þess að kopar og aðrir málmur safnist fyrir í jarðvegi og umtalsvert magn af köfnunarefni mældist í sigvatni í skurðum. Loks séu vaxandi áhyggjur af sýkingarhættu vegna dreifingar mykju. Losun hreinsaðrar svínamykju í sjó myndi því minnka umhverfisáhrif frá búinu á landi.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að samanburður við annan iðnað sem losar lífrænan úrgang í landinu bendi til þess að áhrif á umhverfið teljist ekki umtalsverð. Framkvæmdin ein og sér sé því ekki matsskyld.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur fram það sjónarmið að ávallt sé matsatriði hversu náið eigi að fylgjast með áhrifum losunar á umhverfið. Að sjálfsögðu muni verða fylgst með einstökum mengunarbreytum með sýnatökum í samræmi við umhverfismörk í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, en mun erfiðara sé að fylgjast með lífríkinu, sér í lagi þegar kostnaður við slíkar athuganir geti hlaupið á milljónum króna. Á það skuli bent að framkvæmdaraðili muni fara fram á haldbær vísindaleg rök af hálfu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir því ef fyrirhugað er að leggja á hann þær kvaðir að leggja í milljóna króna útgjöld vegna náinnar skoðunar á lífríki fyrir þessa litlu veitu.

Dreifing þurrhluta mykjunnar

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins eru gerðar aðathugasemdir við að í gögnum sé vísað í ákveðnar uppgræðslulausnir til að losna við þurrhluta mykjunnar án þess að nokkuð sé fast í hendi hvað það varðar. Ekki sé tilgreint það land sem eigi að dreifa á en taka þurfi tillit til t.d. vatnsverndarsvæða og náttúruverndarsvæða. Ekki komi fram neitt mat á því hvort ástæða sé til að ætla að sjúkdómar geti breiðst út með dreifingu mykju og þá meðhöndlun á þurrhluta mykjunnar í því sambandi. Skoða þurfi þessa hluti í stærra samhengi því ætla megi að fleiri búfjárbú vilji losna við úrgang frá búum á þennan hátt. Náttúruvernd ríkisins gerir ráð fyrir að eigendur framangreinds svínabús verði að hafa landsvæði til að dreifa mykju á og að á þeim þætti verði tekið í starfsleyfi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði tillaga um að í tilfelli slæmra sjúkdóma, s.s. salomonellu eða svínapestar verði skylt að urða þurrhlutann eða farga honum á

annan öruggan hátt.

Fornleifar

Í umsögn Þjóðminjasafns Íslands kemur fram að Fornleifadeild Þjóðminjasafnsins hafi í samstarfi við Árbæjarsafn unnið að svokallaðri svæðisskráningu fornleifa á Kjalarnesi, þ.e. skráningu fornleifa upp úr rituðum heimildum. Jörðin Brautarholt sé landnámsjörð og kirkjustaður og á henni séu skráðar 40 fornleifar. Þar sem fornleifar hafi ekki verið skráðar á vettvangi á Kjalarnesi mælist þjóðminjavarslan til þess að framkvæmdaaðili láti fara fram nákvæma fornleifaskráningu og mat á þeim svæðum sem verði fyrir áhrifum af framkvæmdinni.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða dælu- og hreinsistöð fyrir svínabúið Brautarholti, Kjalarnesi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Hafrannsóknarstofnunin er eini umsagnaraðilinn sem telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin hefur hins vegar ekki fært frekari rök fyrir því álitinu. Hollustuvernd ríkisins benti í umsögn sinni á að samanburður við annan iðnað sem losi lífrænan úrgang bendi til þess að áhrifin teljist ekki umtalsverð. Skipulagsstofnun tekur undir með Hollustuvernd ríkisins og telur að áætluð losun svínabúsins, tæpar 3.000 persónueiningar, sé ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á umhverfið og sé langt innan þeirra stærðarmarka fyrir framkvæmdir sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum, 50.000 persónueiningar, sem kveðið sé á um í 1. viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum. Staðfest er að viðtakinn teljist síður viðkvæmur, auk þess sem fylgst verði með magni örvera og styrk nokkurra mengunarefna í viðtakanum. Fyrirhugað er að setja skilyrði þess efnis í endurskoðað starfsleyfi. Í fram komnum gögnum hefur verið bent á að í kjölfar framkvæmdanna muni draga úr lyktarmengun og að tekið verði á útbreiðslu sjúkdóma með þurrhluta mykjunnar í starfsleyfi svínabúsins.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að dælu- og hreinsistöð fyrir svínabúið Brautarholti, Kjalarnesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Skipulagsstofnun vekur athygli framkvæmdaraðila á 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001, þar sem m.a. kemur fram að finnist fornleifar við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin sé ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Skipulagsstofnun bendir á að við endurskoðun deiliskipulags fyrir svæðið vegna fyrirhugaðra

framkvæmda verði þess gætt að ný mannvirki hindri ekki umferð almennings um eða meðfram fjörunni.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. nóvember 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Reykjavíkurborg, Hafrannsóknarstofnunin, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Línuhönnun.